

143. löggjafarþing 2013–2014.  
Þingskjal 1168 — 512. mál.  
2. umræða.

## Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum, nr. 123/2010 (bótaákvæði o.fl.).

Frá Höskuldi Þórhallssyni.

Á eftir 6. gr. komi tvær nýjar greinar sem orðist svo:

- a. (7. gr.)  
Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 17. gr. laganna:
  - a. Á eftir orðunum „kostnaði við gerð“ í 1. másl. kemur: tillögu að landsskipulagsstefnu.
  - b. Við bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Greiðslur úr sjóðnum til Skipulagsstofnunar vegna gerðar tillögu að landsskipulagsstefnu eru háðar samþykki ráðherra.
- b. (8. gr.)
  1. tölul. 18. gr. laganna orðast svo: Kostnaður við gerð landsskipulagsstefnu greiðist til helminga af ríkissjóði og Skipulagssjóði.